

Reglugerð þessi sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Reykholtisdalshrepps í Borgarfjarðarsýslu staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 10 25. janúar 1952 um heimilishjálp í viðlögum til þess að öðlast gildi þegar í stað.

*Félagsmálaráðuneytið 12. nóvember 1982.*

F. h. r.

**Hallgrímur Dalberg.**

*Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.*

## REGLUGERÐ

### um gjöld fyrir umsóknir og afgreiðslu einkaleyfa.

#### 1. gr.

Fyrir umsóknir og meðhöndlun þeirra greiðast eftirtalin gjöld:

	kr.
a) Umsóknargjald .....	480,00
b) Rannsókn á beiðni um einkaleyfi, skv. 15. gr. laga nr. 12/1923 .....	1 900,00
c) Afrit af auglýstri einkaleyfisumsókn (lýsing, kröfur og teikningar, allt að 20 síður A4) .....	100,00
d) Staðfest afrit af auglýstri einkaleyfisumsókn .....	145,00
e) Forgangsréttarskjal .....	200,00

#### 2. gr.

Fyrir innritanir í einkaleyfaskrá og útskriftir varðandi veitt einkaleyfi greiðast eftirtalin gjöld:

	kr.
a) Innritun í einkaleyfaskrá á breytingum er snerta einkaleyfishafa eða umboðsmann .....	145,00
b) Staðfest útskrift úr einkaleyfaskrá .....	145,00
c) Staðfest afrit af veittu einkaleyfi .....	200,00

#### 3. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. heimild í 25. gr. laga nr. 12/1923 um einkaleyfi og öðlast gildi 1. janúar 1983. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð sama efnis nr. 678/1981 15. desember 1981.

*Iðnaðarráðuneytið, 26. nóvember 1982.*

F. h. r.

**Páll Flygenring.**

*Gunnar Guttormsson.*